# Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar

Ársreikningur

# 2005

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar
Vegmúla 2
108 Reykjavík
Kt. 430269-6589

# Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar

Ársreikningur

# 2005

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun endurskoðenda ........................................................ | 2 |
| Skýrsla stjórnar ........................................................ | 3-4 |
| Yfirlit um breytingu á hreinni eign ........................................ | 5 |
| Efnahagsreikningur ........................................................ | 6 |
| Yfirlit um sjóðstreymi ........................................................ | 7 |
| Skýringar ........................................................ | 8-12 |
| Kennitölur ........................................................ | 13 |

# Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Við höfum endurskoðað ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi, skýringar og kennitölur. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju á Íslandi en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign sjóðsins á árinu 2005, efnahag hans 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi.

Reykjavík, 7. apríl 2006.

Deloitte hf.

Knútur Þórhallsson
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

## Fjöldi sjóðfélaga og fjárhæð móttekinna iðgjalda

Á árinu 2005 greiddu að meðaltali á mánuði 1.271 virkir sjóðfélagar iðgjöld til A-deildar sjóðsins samanborið við 1.415 árið 2004. Alls áunnu sér 1.364 einstaklingar rétt á árinu. Óvirkir sjóðfélagar sem eiga réttindi hjá sjóðnum eru samtals 15.927 talsins, 1.639 í A-deild en 14.288 í B-deild (stiga sjóður). Innheimt heildariðgjöld ásamt mótframlagi launagreiðanda, rúmlega 475 m.kr., lækkaði lítillega á milli ára en endurgreiðslur eða viðbótariðgjöld voru 712 m.kr. á móti 691 m.kr. árið 2004. Endurgreiðsluhlutfallið, 62%, var óbreytt en hækkunin stafar af auknum lífeyrisgreiðslum. Reykjavíkurborg og ríkið héldu áfram uppgjörum á grundvelli samkomulags sem gert var árið 2004. Greiðsla til sjóðsins vegna þeirra nam um 84 m.kr. á árinu og var það lokauppgjör liðinna ára.

## Lífeyrisþegar og lífeyrisgreiðslur

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu 2005 námu um 1.560 m.kr., sem er um 15% hækkun frá fyrra ári. Má rekja þá hækkun fyrst og frest til fjölgunar lífeyrisþega á árinu 2005. Að meðaltali fengu 2.086 einstaklingar á mánuði greiddan lífeyri, þar af fengu 1.328 ellilífeyri, 319 örorkulífeyri, 402 makalífeyri og 38 barnalífeyri. Samsvarandi tölur fyrir árið 2004 voru: 2.019 að meðaltali á mánuði sem skiptist þannig: 1.272 ellilífeyrir, 312 örorkulífeyrir, 394 makalífeyrir og 41 barnalífeyrir.

## Hrein eign til greiðslu lífeyris og ávöxtun

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 11.462 m.kr. í árslok 2005 og nam hækkun hreinnar eignar frá fyrra ári 503 m. kr. eða um tæp 5%. Nafnávöxtun fjárfestinga sjóðsins var um 7,3%. Hrein raunávöxtun ársins 2005 var þannig 3,1%. Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar var 4,4% sem er viðunandi þar sem sjóðnum hefur verið lokað og lífeyrisgreiðslur eru orðnar hærri en sem nemur iðgjöldum. Lífeyrisskuldbindingar eru núvirtar með 3,5% stuðli.

## Rekstur

Starfsemi sjóðsins var með hefðbundnum hætti á árinu. Rekstrarkostnaður nam tæplega 44 m. kr. sem er um 0,38% af hreinni eign samanborið við 0,37% árið áður. Fjárfestingagjöld voru tæplega 10 m.kr. á móti rúmlega 1 m.kr. árið 2004. Áður voru fjárfestingargjöld í sjóðum dregin frá fjárfestingartekjum en til samræmis við kröfur Fjármálaeftirlitsins ber nú að aðgreina sérstaklega fjárfestingagjöldin. Enginn starfsmaður var á launaskrá hjá sjóðnum, þar sem Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga sér um rekstur hans samkvæmt samningi þar um.

## Tryggingafræðileg athugun

Samkvæmt athugun Bjarna Guðmundssonar, tryggingastærðfræðings sjóðsins á áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga í árslok 2005 nam áfallin skuldbinding A-deildar lífeyrissjóðsins 44.139 m.kr. og áfallin skuldbinding B-deildar nam 1.922 m.kr. eða samtals 46.061 m.kr. Í töflu sem er hluti skýringa með ársreikningi er að finna frekari upplýsingar um tryggingafræðilega stöðu sjóðsins, m.a. um þá hreinu eign sem sjóðurinn á til að mæta þessari skuldbindingu. Þess ber að geta að borgarsjóður ábyrgist skuldbindingar sjóðsins.

# Skýrsla stjórnar

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á afkomu sjóðsins á árinu 2005, efnahag hans 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2005 með undirritun sinni.

Reykjavík, 7. apríl 2006.

**Í stjórn**

Helga Jónsdóttir
stjórnarformaður

| | |
|---|---|
| Benedikt Geirsson | Steinar Harðarson |
| Sjöfn Ingólfsdóttir | Þorgrímur Hallgrímsson |

**Framkvæmdastjóri**

Jón G. Kristjánsson

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris

| | Skýr. | 2005 | 2004 |
|---|---|---|---|
| **Iðgjöld** | | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga | | 128.327.802 | 134.318.531 |
| Iðgjöld launagreiðenda | | 346.797.630 | 347.846.023 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | | (2.554.016) | (7.333.908) |
| Viðbótariðgjöld launagreiðenda | | 712.029.967 | 690.934.082 |
| Uppgjör áfallinna lífeyrisréttinda | | 83.528.555 | 343.747.959 |
| | | 1.268.129.938 | 1.509.512.687 |
| **Lífeyrir** | | | |
| Lífeyrir | 4 | (1.559.822.838) | (1.355.573.638) |
| Kostnaður vegna örorkumats | | (286.368) | 0 |
| | | (1.560.109.206) | (1.355.573.638) |
| **Fjárfestingartekjur** | | | |
| Tekjur af eignarhlutum | 5 | 13.493.923 | 1.091.216 |
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur | 5 | 834.457.943 | 772.728.243 |
| Breytingar á niðurfærslu | | (1.132.482) | 28.202.250 |
| | | 846.819.384 | 802.021.708 |
| **Fjárfestingargjöld** | | | |
| Þóknanir vegna verðbréfaviðskipta | | (9.893.366) | (1.111.399) |
| **Rekstrarkostnaður** | | | |
| Skrifstofu og stjórnunarkostnaður | | (42.162.872) | (40.083.656) |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | | 502.783.878 | 914.765.702 |
| Hrein eign frá fyrra ári | | 10.959.236.553 | 10.044.470.850 |
| **Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris** | | 11.462.020.431 | 10.959.236.552 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2005

| | Skýr. | 31.12.2005 | 31.12.2004 |
|---|---|---|---|
| **Fjárfestingar** | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 6 | 1.395.194.002 | 1.110.945.860 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 7 | 5.146.134.809 | 4.335.957.592 |
| Veðlán | 8 | 1.319.493.264 | 2.020.370.665 |
| | | 7.860.822.075 | 7.467.274.117 |
| **Aðrar eignir** | | | |
| Óinnheimt iðgjöld og viðbótarframlög | | 3.555.633.633 | 3.424.792.825 |
| Bankainnistæður | | 159.562.162 | 156.544.623 |
| | | 3.715.195.795 | 3.581.337.448 |
| **Eignir alls** | | 11.576.017.870 | 11.048.611.565 |
| **Viðskiptaskuldir** | | | |
| Ýmsar skuldir | | 113.997.439 | 89.375.012 |
| **Skuldir alls** | | 113.997.439 | 89.375.012 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | | 11.462.020.431 | 10.959.236.553 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2005

| | Skýr. | 2005 | 2004 |
|---|---|---|---|
| **Inngreiðslur** | | | |
| Iðgjöld | 3 | 1.141.674.130 | 4.522.567.829 |
| Fjárfestingartekjur | | 441.288.183 | 833.958.756 |
| Afborganir verðbréfa | | 543.166.076 | 100.567.894 |
| Seld verðbréf með breytilegum tekjum | | 506.438.654 | 163.021.459 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum | | 399.134.989 | 129.510.925 |
| | | 3.031.702.032 | 5.749.626.863 |
| **Útgreiðslur** | | | |
| Lífeyrir | | (1.554.110.417) | (1.353.449.593) |
| Fjárfestingargjöld | | (9.893.366) | (1.111.399) |
| Rekstarkostnaður | | (27.924.234) | (25.637.948) |
| | | (1.591.928.017) | (1.380.198.940) |
| Ráðstöfunarfé til kaupa á veðbréfum og annarri fjárfestingu | | 1.439.774.015 | 4.369.427.923 |
| **Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting** | | | |
| Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum | | (757.717.071) | (590.867.119) |
| Kaup á verðbréfum með föstum tekjum | | (679.039.405) | (3.684.101.048) |
| Ný veðlán og útlán | | 0 | (79.545.493) |
| | | (1.436.756.476) | (4.354.513.660) |
| Hækkun á bankainnistæðum | | 3.017.539 | 14.914.263 |
| Bankainnistæður í ársbyrjun | | 156.544.623 | 141.630.360 |
| **Bankainnistæður í árslok** | | 159.562.162 | 156.544.623 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Starfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingasjóðs.

Frá 1. júlí 1998 var sjóðnum lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Þeim einum sem greiddu til sjóðsins í júní 1998, er heimilt að greiða áfram til hans. Launþegar greiða 4% og launagreiðendur 6% af iðgjaldastofni sem er föst laun fyrir dagvinnu að viðbættri persónuuppbót og orlofsframlagi.

Almennur réttur til töku ellilífeyris hefst þegar sjóðfélagi er orðinn 65 ára, enda láti hann þá af starfi. Sjóðfélaga er heimilt að hefja töku lífeyris fyrr ef samanlagður sjóðfélagaaldur hans og lífaldur er 95 ár eða meira, en þó aldrei fyrr en hann er orðinn 60 ára. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri er hann verður fyrir orkutapi sem metið er á 10% eða meira. Látist sjóðfélagi á eftirlifandi maki rétt á lífeyri ævilangt og börn til 18 ára aldurs. Sjóðfélagi ávinnur sér 2% rétt á ári fyrir fullt starf og miðast lífeyrir við lokalaun sjóðfélagans í starfi. Þau laun taka breytingum samkvæmt vísitölu fastra dagvinnulauna opinberra starfsmanna eða, kjósi sjóðfélagi sem lætur af starfi til að hefja töku lífeyris, samkvæmt launum eftirmanns. Réttindin eru föst og ábyrgist Reykjavíkurborg og hlutaðeigandi stofnanir skuldbindingar sjóðsins.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og settar reikningsskilareglur. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og við gerð ársreiknings fyrra árs.

Verðbréfaeign sjóðsins skiptist í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Skilgreiningar á framangreindri flokkun ásamt matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga eru eftirfarandi:

- Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum eða verðbréf sem háð eru afkomu útgefanda. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Óskráð bréf eru metin á kaupverði eða áætluðu markaðsverði hvort sem lægra er.

- Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi.

- Veðlán eru útlán til sjóðfélaga sem veitt voru gegn veði í fasteignum. Sjóðfélagabréf eru færð til eignar með áföllnum vöxtum m.v. vaxtakjör þeirra.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

## 3. Iðgjöld

Á árinu 2004 greiddi Orkuveita Reykjavíkur skuldbindingu sína að fjárhæð 3.379 m.kr. og skýrir það mismun á innborguðum iðgjöldum áranna 2005 og 2004.

## 4. Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur greinast þannig:

| | 2005 | 2004 |
|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 1.072.918.273 | 926.953.510 |
| Makalífeyrir | 380.263.159 | 329.442.909 |
| Örorkulífeyrir | 102.759.222 | 95.304.657 |
| Barnalífeyrir | 3.882.184 | 3.872.562 |
| | 1.559.822.838 | 1.355.573.638 |
| Meðalfjöldi lífeyrisþega | 2.086 | 2.019 |

## 5. Fjárfestingartekjur

Tekjur af eignarhlutum greinast þannig:

| | 2005 | 2004 |
|---|---|---|
| Af erlendum hlutabréfum | 13.493.923 | 1.091.216 |
| | 13.493.923 | 1.091.216 |

Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur greinast þannig:

| | 2005 | 2004 |
|---|---|---|
| Af innlendum verðtryggðum skuldabréfum | 323.698.632 | 254.238.569 |
| Af veðlánum | 120.253.418 | 186.890.782 |
| Af innlendum hlutdeildarskírteinum | 30.471.147 | 83.030.626 |
| Af erlendum hlutdeildarskírteinum | 11.388.755 | (4.251.216) |
| Af bankainnstæðum | 7.931.166 | 6.475.870 |
| Af iðgjöldum og öðrum kröfum | 337.037.947 | 241.089.201 |
| Af erlendum skuldabréfum | 347.057 | 0 |
| Dráttarvextir og innheimtukostnaður | 3.329.821 | 4.057.811 |
| Lántökugjöld | 0 | 1.196.600 |
| | 834.457.943 | 772.728.243 |

## 6. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

| | 31.12.2005 | 31.12.2004 |
|---|---|---|
| Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum | 1.183.023.169 | 930.568.711 |
| Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum | 193.275.833 | 170.433.149 |
| Eignarhlutar í innlendum hlutafélögum | 18.895.000 | 9.944.000 |
| | 1.395.194.002 | 1.110.945.860 |

Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum greinast þannig (eignarhlutdeild óveruleg):

| | 31.12.2005 |
|---|---|
| ***Skráðir sjóðir:*** | |
| Kaupþing banki hf. - Ríkisverðbréfasjóður, langur | 835.927.007 |
| Kaupþing banki hf. - Ríkisverðbréfasjóður, millilangur | 46.573.988 |
| Kaupþing banki hf. - Hávaxtasjóður | 99.431.227 |
| Kaupþing banki hf. - Peningamarkaðssjóður | 100.822.851 |
| Kaupþing banki hf. - ÍS-15 | 18.500.096 |
| Íslensk verðbréf hf. - Alþjóðlegur skuldabréfasjóður | 81.768.000 |
| | 1.183.023.169 |

Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum greinast þannig (eignarhlutdeild óveruleg):

| | 31.12.2005 |
|---|---|
| ***Skráðir sjóðir:*** | |
| State Street - North America Enhance Fund | 83.352.282 |
| Gartmore - Emerging Markets Fund | 8.789.602 |
| AXA Rosenberg - Japan Equity Alpha | 2.606.960 |
| Fidelity - Japan Advantage Fund | 14.637.124 |
| Fidelity - European Mid Cap Fund | 12.064.591 |
| Fidelity - European Growth Fund | 36.601.464 |
| ALPHA 1 Venture Capital Fund | 1.188.981 |
| | 159.241.003 |
| ***Óskráðir sjóðir:*** | |
| GIR Capital Management | 26.993.280 |
| Health Holding S.A. | 7.041.550 |
| | 34.034.830 |
| Erlendir verðbréfasjóðir alls | 193.275.833 |

Eignarhlutar í innlendum hlutafélögum greinast þannig (eignarhlutdeild óveruleg):

| | 31.12.2005 |
|---|---|
| ***Skráð félög:*** | |
| Bakkavör Group hf. | 10.689.000 |
| Kaupþing banki hf. | 8.206.000 |
| | 18.895.000 |

## 7. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

| | 31.12.2005 | 31.12.2004 |
|---|---|---|
| Ríkisskuldabréf | 3.017.137.814 | 3.141.236.931 |
| Íbúðarbréf | 699.021.894 | 317.831.267 |
| Skuldabréf fyrirtækja og önnur skuldabréf | 644.027.777 | 281.734.594 |
| Skuldabréf lánastofnana | 334.070.126 | 133.730.170 |
| Húsnæðisbréf | 340.289.358 | 400.657.170 |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 111.587.840 | 60.767.460 |
| | 5.146.134.809 | 4.335.957.592 |
| Áætlað markaðsverð | 5.032.451.348 | 4.390.954.954 |

## 8. Veðlán

Veðlán greinast þannig:

| | 31.12.2005 | 31.12.2004 |
|---|---|---|
| Veðskuldabréf sjóðfélaga | 1.319.493.264 | 1.667.823.760 |
| Önnur veðskuldabréf | 0 | 352.546.905 |
| | 1.319.493.264 | 2.020.370.665 |

## 9. Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

| | Verðbréf með föstum tekjum | Verðbréf með breytil. tekjum | Veðlán | Samtals 31.12.2005 | Samtals 31.12.2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| Íslenskar krónur (ISK) | 5.146.134.809 | 1.228.911.448 | 1.319.493.264 | 7.694.539.521 | 7.321.160.648 |
| Bandaríkjadollarar (USD) | 0 | 83.352.282 | 0 | 83.352.282 | 75.509.523 |
| Evrur (EUR) | 0 | 58.644.638 | 0 | 58.644.638 | 50.019.517 |
| Japönsk yen (JPY) | 0 | 17.244.084 | 0 | 17.244.084 | 13.903.160 |
| Sænskar krónur (SEK) | 0 | 7.041.550 | 0 | 7.041.550 | 6.681.269 |
| | 5.146.134.809 | 1.395.194.002 | 1.319.493.264 | 7.860.822.075 | 7.467.274.117 |

## 10. Tryggingafræðileg athugun

Tryggingafræðileg athugun miðað við árslok 2005 greinist þannig (í milljónum króna):

| ***A - deild:*** | Áfallin skuldbinding | Framtíðar skuldbinding | Samtals 31.12.2005 | Samtals 31.12.2004 |
|---|---|---|---|---|
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 9.687 | 0 | 9.687 | 9.255 |
| Endurmat verðbréfa | 819 | 0 | 819 | 653 |
| Lækkun vegna núvirðis fjárfestingarkostnaðar | (14) | 0 | (14) | (14) |
| Núvirði framtíðariðgjalda | 0 | 3.711 | 3.711 | 3.725 |
| Eignir alls | 10.492 | 3.711 | 14.203 | 13.619 |
| Ellilífeyrir | 32.323 | 8.655 | 40.978 | 36.981 |
| Örorkulífeyrir | 1.552 | 381 | 1.933 | 1.823 |
| Makalífeyrir | 9.460 | 1.836 | 11.296 | 10.743 |
| Barnalífeyrir | 82 | 0 | 82 | 85 |
| Rekstrarkostnaður | 722 | 243 | 965 | 851 |
| Skuldbindingar alls | 44.139 | 11.115 | 55.254 | 50.483 |
| Skuldbindingar umfram eignir | 33.647 | 7.404 | 41.051 | 36.864 |
| Í hlutfalli af skuldbindingum | 76,2% | 66,6% | 74,3% | 73,0% |

# Skýringar

| ***B - deild:*** | Áfallin skuldbinding | Framtíðar skuldbinding | Samtals 31.12.2005 | Samtals 31.12.2004 |
|---|---|---|---|---|
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 1.775 | 0 | 1.775 | 1.704 |
| Endurmat verðbréfa | 150 | 0 | 150 | 120 |
| Lækkun vegna núvirðis fjárfestingarkostnaðar | (3) | 0 | (3) | (2) |
| Eignir alls | 1.922 | 0 | 1.922 | 1.822 |
| Ellilífeyrir | 1.496 | 0 | 1.496 | 1.408 |
| Örorkulífeyrir | 326 | 0 | 326 | 321 |
| Makalífeyrir | 69 | 0 | 69 | 64 |
| Rekstrarkostnaður | 31 | 0 | 31 | 29 |
| Skuldbindingar alls | 1.922 | 0 | 1.922 | 1.822 |
| Skuldbindingar umfram eignir | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Í hlutfalli af skuldbindingum | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% |

| ***A og B - deildir samtals:*** | Áfallin skuldbinding | Framtíðar skuldbinding | Samtals 31.12.2005 | Samtals 31.12.2004 |
|---|---|---|---|---|
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 11.462 | 0 | 11.462 | 10.959 |
| Endurmat verðbréfa | 969 | 0 | 969 | 773 |
| Lækkun vegna núvirðis fjárfestingarkostnaðar | (17) | 0 | (17) | (16) |
| Núvirði framtíðariðgjalda | 0 | 3.711 | 3.711 | 3.725 |
| Eignir alls | 12.414 | 3.711 | 16.125 | 15.441 |
| Ellilífeyrir | 33.819 | 8.655 | 42.474 | 38.389 |
| Örorkulífeyrir | 1.878 | 381 | 2.259 | 2.144 |
| Makalífeyrir | 9.529 | 1.836 | 11.365 | 10.807 |
| Barnalífeyrir | 82 | 0 | 82 | 85 |
| Rekstrarkostnaður | 753 | 243 | 996 | 880 |
| Skuldbindingar alls | 46.061 | 11.115 | 57.176 | 52.305 |
| Skuldbindingar umfram eignir | 33.647 | 7.404 | 41.051 | 36.864 |
| Í hlutfalli af skuldbindingum | 73,0% | 66,6% | 71,8% | 70,5% |

# Kennitölur

| | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Ávöxtun** | | | | | |
| Nafnávöxtun | 7,3% | 7,5% | 13,5% | 6,4% | 10,2% |
| Hrein raunávöxtun | 3,1% | 3,5% | 10,5% | 3,3% | 1,5% |
| Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal) | 4,4% | 3,7% | 3,7% | 2,6% | 2,9% |
| **Hlutfallsleg skipting fjárfestinga** | | | | | |
| Skráð verðbréf með breytilegum tekjum | 17,3% | 14,5% | 16,4% | 8,4% | 10,3% |
| Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum | 0,4% | 0,4% | 0,8% | 0,8% | 0,4% |
| Skráð verðbréf með föstum tekjum | 64,2% | 57,8% | 16,0% | 19,1% | 21,0% |
| Óskráð verðbréf með föstum tekjum | 1,2% | 0,2% | 0,6% | 0,0% | 0,5% |
| Veðlán | 16,8% | 27,1% | 66,2% | 71,7% | 67,8% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlun** | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum | 98,6% | 97,7% | 99,5% | 98,4% | 95,6% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum | 1,4% | 2,3% | 0,5% | 1,6% | 4,4% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **Fjöldi** | | | | | |
| Fjöldi virkra sjóðfélaga | 1.364 | 1.415 | 1.555 | 1.904 | 2.155 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 2.086 | 2.019 | 1.942 | 1.832 | 1.645 |
| **Hlutfallsleg skipting lífeyris** | | | | | |
| Ellilífeyrir | 68,8% | 68,4% | 68,2% | 67,6% | 66,7% |
| Örorkulífeyrir | 24,4% | 7,0% | 6,5% | 6,4% | 5,7% |
| Makalífeyrir | 6,6% | 24,3% | 25,0% | 25,6% | 27,3% |
| Barnalífeyrir | 0,2% | 0,3% | 0,3% | 0,4% | 0,3% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt** | | | | | |
| Heildarskuldbinding umfram hreina eign | 71,8% | 70,5% | 70,1% | 81,7% | 81,8% |
| Áfallin skuldbinding umfram hreina eign | 73,0% | 71,9% | 72,3% | 87,8% | 87,7% |
| **Rekstur** | | | | | |
| Rekstrarkostnaðir í hlutfalli af hreinni eign | 0,4% | 0,4% | 0,3% | 0,9% | 0,9% |